



## Dygðirnar í Laxdæla sögu: Efniviður fyrir mannkostamenntun

Róbert Jack

► Abstract    ► Um höfundinn    ► About the author    ► Heimildir

Bókmenntakennsla í anda mannkostamenntunar byggist mjög á því að fjalla um dygðirnar í textanum. Þegar tilraun var gerð með að kenna Laxdæla sögu með þessu móti þurfti að taka saman dygðirnar í sögunni. Í þessari grein er að finna ítarlega greiningu á dygðum í Laxdælu. Beitt var tveimur aðferðum við að leita að dygðunum. Fyrri aðferðin fólst í að skoða þau dygðaorð sem koma fyrir í sögunni. Þannig má fá nokkuð heilsteypta mynd af þeim dygðum sem höfundur Laxdælu nefnir sjálfur. Til að fá breiðari mynd af dygðunum í sögunni og jafnframt dýpri mynd af þeim aðstæðum þar sem dygðir koma fyrir var beitt annarri aðferð. Þar var notaður listi yfir dygðir frá Jubilee-miðstöðinni á Englandi og skoðað hvað af þeim mætti finna í sögunni. Í báðum tilfellum voru sams konar dæmi tekin saman til að gefa sem besta mynd af notkun orða og tilvist dygða í Laxdælu. Greiningin er rökstuðningur fyrir tilvist dygða í sögunni, getur nýst þeim sem vilja kenna Laxdælu út frá dygðum og loks varpar hún fræðilegu ljósi á þær dygðir sem finna má í sögunni.

**Efnisorð:** Laxdæla saga, dygðir, mannkostamenntun, bókmenntakennsla, Íslendingasögur, siðferði.

Mannkostamenntun í bókmenntakennslu snýst fyrst og fremst um að fjalla um dygðirnar í textanum. Þessi grein fjallar sérstaklega um dygðirnar í einni sögu, þ.e. *Laxdæla sögu*. Grein mín *Dygðir, siðferði og siðferðisþroski: Að nota Íslendingasögur til mannkostamenntunar í þessu sérriti* *Netlu* (Róbert Jack, 2018a) er eins konar undanfari að þessari grein hér en sú grein fjallar almennt um það hvernig kenna má Íslendingasögur með áherslu á mannkostamenntun. Markmið þessarar greinar hér er þrjúþætt. Í fyrsta lagi er henni ætlað að vera rökstuðningur fyrir því að hægt sé að finna dygðir í *Laxdælu* sem geti nýst til að nálgast kennslu á sögunni að hætti mannkostamenntunar. Í öðru lagi er greininni ætlað að vera hagnýt túlkun og greining á dygðunum í *Laxdælu* fyrir þá sem vilja nýta sér söguna til dygðakennslu. Í þriðja lagi varpar greinin ljósi á þær dygðir sem lesa má út úr sögunni að gefinni þeirri túlkunarleið sem farin er við að finna og greina dygðirnar.

Tilurð þessarar greinar tengist rannsókn á bókmenntakennslu með áherslu á siðferðilegar dygðir sem fram fór við þrjú grunnskóla haustið 2017. Rannsóknin byggðist á hugmyndum mannkostamenntunar og fólst í að lesa *Laxdælu* í móðurmálskennslu með sérstakri áherslu á dygðir. Sambærileg rannsókn hafði áður verið gerð við Jubilee-miðstöðina við Háskólann í Birmingham og var tekið mið af reynslunni þaðan við framkvæmd rannsóknarinnar (sbr. The Jubilee Centre for Character & Virtues, 2014). Grunnþættir íslensku rannsóknarinnar eru raktir í grein Atla Harðarsonar, Ólafs Páls Jónssonar, Róberts Jack, Þóru Bjargar Sigurðardóttur og

Sigrúnar Sifjar Jóelsdóttur (2018) í þessu sérhefti *Netlu*. Fjallað er um aðra anga rannsóknarinnar í greinum Atla Harðarsonar (2018), Ólafs Páls Jónsson (2018) og Þóru Bjargar Sigurðardóttur (2018), en hér verður einungis fjallað um þau atriði rannsóknarinnar sem þykja skipta máli fyrir umræðuna í þessari grein.

Grein þessi er túlkun á einstökum textastöðum þar sem greina má dygðir persóna í *Laxdælu* en henni er hvorki ætlað að vera heildstæð túlkun á sögunni (sbr. Frölich, 2000; Conroy og Langen, 1988; Hermann Pálsson, 1986; Madelung, 1972) né verður hér reynt að tengja niðurstöður um dygðirnar í *Laxdælu* við aðrar Íslendingasögur eða dygðarit á miðöldum (sbr. Gunnar Harðarson, 1989). Að því sögðu má læra ýmislegt af umfjölluninni hér um tilvist ákveðinna dygða og dygðir almennt í sögunni en óhætt er að segja að afar lítið hafi verið fjallað beinlínis um dygðir í Íslendingasögum, hvort heldur sem er með tilliti til fræðilegra markmiða eða kennslumarkmiða. Þó má benda á að Arthúr Björgvin Bollason (2010) hefur samið kennsluefni fyrir ungt fólk þar sem athyglinni er beint að siðferði og dygðum í Njáls sögu. Þá verður í þessari grein vísað í helstu staði í fræðilegri umræðu þar sem talað er um dygðir í *Laxdælu* en þó að dygðir séu stundum nefndar má segja að alger skortur sé á almennri fræðilegri umfjöllun um dygðir í Íslendingasögum.

Fyrri aðferðin sem notuð var við vinnslu greinarinnar var að lesa söguna og merkja við þau orð sem vísuðu til dygða. Það eru þá dygðir sem höfundur sögunnar hefur sjálfur nefnt. Þetta er uppstaðan í fyrri yfirkaflanum í greininni sem kallast Dygðirnar á yfirborði *Laxdælu*. Segja má að hér sé átt við yfirborð í tvennum skilningi. Annars vegar vísar það til þess að þetta eru dygðir sem beinlínis eru nefndar í texta sögunnar. Hins vegar er raunin sú að þær dygðir sem við kynnumst með þessum hætti fá yfirleitt yfirborðslega umfjöllun í sögunni. Þannig fylgja þessum umsögnum um dygd oft engar eða litlar útskýringar. Þetta er þó vissulega ekki einhlítt því að stundum fáum við dýpri innsýn.

Önnur aðferð sem beitt var við að finna dygðir í sögunni fólst í að greina aðstæður í sögunni sem kölluðu á að persónur hegduðu sér annaðhvort í samræmi við dygd eða löst. Í greininni er þetta kallað dygðaaðstæður (sbr. Róbert Jack, 2018a). Ef skoða á dygðir í dýpri skilningi er þetta vænlegri leið því venjulega ræðir höfundur *Laxdælu* ekki dygðir í tengslum við einmitt þær aðstæður sem kalla á hvað mesta togstreitu og gefa mest tilefni til djúprar umhugsunar um dygðir. Afrakstur þessarar aðferðar er í síðari yfirkaflanum sem kallast Fleiri dygðir og dygðaaðstæður í *Laxdælu*.

Ef aðferðirnar eru bornar betur saman má nefna að það sem fyrri aðferðin hefur fram yfir þá síðari er að dygðirnar eru nefndar af höfundi sögunnar sjálfar og eru því ef til vill nær upphaflegu siðferði í sögunni. Þessi aðferð er því ef til vill nær því að vera túlkun á þeim dygðum sem höfundur sögunnar getur hafa haft í huga. Dygðirnar sem gengið er út frá í tengslum við síðari aðferðina eru frá Jubilee-miðstöðinni en þar voru 14 dygðir valdar til að nota við bókmenntakennslu og voru þær einnig notaðar sem net við lestur *Laxdælu*. Fjallað er betur um þetta síðar í greininni en þessi aðferð þótti nauðsynlegt til að komast nær því að fullnýta þá möguleika sem sagan veitir til að ræða dygðir þar sem hópur þeirra dygða sem nefndar eru í sögunni er ekki eins fjölbreyttur og æskilegt er fyrir dygðakennslu.

Þá má geta þess að þó að þær niðurstöður sem birtast hér séu allitarlegar og nái líkast til yfir langflest dæmi um dygd í *Laxdælu* er hér ekki um að ræða tæmandi upptalningu á dygðum í sögunni. Þar kemur ýmislegt til. Í fyrsta lagi varð til Excel-skjal með yfir 500 línur þar sem komu fyrir dygðir í sögunni og það var ekki hægt að koma öllum þeim upplýsingum fyrir í þessari grein. Í öðru lagi má efast um túlkunina sem hér er sett fram á sögunni. Það má telja fullvíst að annar rannsakandi hefði greint sömu dygðir með öðrum hætti í *Laxdælu*. Því kunna að vera fleiri dæmi um dygðirnar í sögunni og sumt hefði ef til vill frekar mátt greina sem aðra dygd en hér er gert. Í þriðja lagi hefði vissulega mátt nota aðrar dygðir og aðrar aðferðir við rannsóknina.

Þess ber að geta að öll rannsóknin á *Laxdælu* byggist á sögunni í fullri lengd. Það er hins vegar skynsamlegt að gera ráð fyrir því að hentugra sé að kenna *Laxdælu* í styttri útgáfu, sérstaklega í grunnskólum. Því var einnig gerði úttekt á Jubilee-dygðunum í endursögn Gunnars Karlssonar (*Laxdæla saga*, 2017) en sú úttekt varð grunnur að námsefni fyrir *Laxdælu* með áherslu á dygðamenntun (Róbert Jack, 2018b). Skemmst er frá því að segja að niðurstöðurnar voru mjög á sömu leið um algengustu dygðirnar fyrir utan það að göfuglyndi var ekki eins algeng dygd. Það kann að stafa af því að göfuglyndi byggist mjög á því hvað orðin göfugur og tigginn eru algeng í sögunni en það skilar sér ef til vill ekki í endursögninni. Þessi líkindi með styttri og óstyttri útgáfunni hvað dygðir varðar er merki um að endursögnin sé vel heppnuð, að minnsta kosti að því leyti hversu vel dygðaaðstæðum er haldið inni í sögunni. Í greiningunni sem hér kemur á eftir verður eingöngu vísað í *Laxdælu* óstyttu.

## Dygðirnar á yfirborði *Laxdælu*

Nú verður vikið að dygðunum sem nefndar eru í *Laxdælu* og fjalla má um í námsefni fyrir mannkostamenntun en varðandi skilning á dygðunum má hafa þrennt í huga. Í fyrsta lagi hefur í fræðilegri umfjöllun um Íslendingasögur farið lítið fyrir dygðum. Stundum eru dygðaorð nefnd en engin heildstæð umfjöllun um dygðir í Íslendingasögum fannst við vinnslu þessarar greinar. Helst er fjallað um einstakar dygðir og þá gjarnan í tengslum við einstaka textastaði í Íslendingasögum. Það er því ekki um auðugan fræðilegan garð að gresja að þessu leyti en hér á eftir verður leitast við að vísa í það helsta sem sagt hefur verið um dygðir í tengslum við ákveðna textastaði í *Laxdælu*. Í öðru lagi koma sjaldan fram útskýringar í *Laxdælu* á þeim dygðaorðum sem notuð eru í sögunni. Þetta er ef til vill ekki óeðlilegt en það er þó ókostur fyrir dygðamenntun. Stundum er persónum í *Laxdælu* lýst með dygðaorðum, til dæmis er sagt að Helgi Harðbeinsson sé stórmenni (kaflí 62), Gunnar Þiðrandabani sé drengur góður (kaflí 69), Guðrún Ósvífursdóttir sé göfug (kaflí 78) og Bolli Bollason sé kurteis og þrúður (kaflí 77). Þetta er út af fyrir sig áhugavert en þegar þetta er ekki útskýrt nánar getum við átt erfitt með að átta okkur á því hvað raunverulega sé átt við, hvað í fari persónunnar gefi höfundi sögunnar tilefni til að gefa henni þessa einkunn. Þetta er óhentugt í dygðamenntun, sem hlýtur að stefna að skilningi á þeirri dygd sem verið er að tala um. Í þriðja lagi er gott að hafa hugmyndina um dygðaaðstæður bak við eyrað. Sú hugmynd gengur út á að ákveðnar aðstæður kalli á að persónur hagi sér í samræmi við dygd eða löst. Slíkar aðstæður eru því gagnlegar fyrir dygðamenntun en þær eru raunar sjaldnast til staðar þar sem dygðaorð eru nefnd í sögunni.

Rétt er að taka fram að þegar sagt er hér á eftir að ekki fylgi útskýring með dygðaorði er átt við að í nánasta umhverfi orðsins sé engin umfjöllun eða aðstæður sem gætu varpað ljósi á merkingu orðsins. Það þýðir ekki að annars staðar geti ekki komið dæmi sem styður það að gefa persónu viðkomandi umsögn. Það getur hins vegar reynst erfitt að tengja saman umsögn á einum stað og atburði á öðrum. Sérstaklega á það við um grunnskólakennslu og því verður ekki gerð tilraun hér til að varpa ljósi á dygðaorð með þeim hætti.

Við að skoða þær dygðir sem orðaðar eru í sögunni var farin sú leið að finna umsagnir (oftast stök orð) sem þóttu benda til að verið væri að tala um dygd og svo voru þær flokkaðar saman undir nafni einnar dygðar. Sem dæmi voru eftirfarandi orð öll tekin sem dæmi um að verið væri að tala um visku: vit, vitringur, vitur, vitsmunir, spaklegur, spakur og spekingur. Þá voru bæði neitun dygðaorðanna og andstæð orð tekin með sem dæmi um ákveðna dygd. Þannig eru orðin „drengilegur“ og „ódrengilegur“ bæði flokkuð sem dæmi um að verið sé að fjalla um drengskap í sögunni. Þegar notuð er sú aðferð sem hér hefur verið lýst eru algengustu dygðirnar á yfirborði *Laxdælu* skörungsskapur, stórmennska, viska, kærleikur, drengskapur, göfuglyndi og kurteisi. Þetta eru þó ekki einu dygðirnar sem eru nefndar en einnig má nefna hyggindi, dirfsku og örlæti. Í framhaldinu verður eingöngu fjallað um algengustu dygðirnar í sögunni.

## Skörungsskapur

Þegar talað er um skörungsskap í *Laxdælu* er sjaldnast útskýrt í hverju hann felst nákvæmlega. Þannig er til dæmis sagt um Jórinni Bjarnardóttur, Þorgerði Egilsdóttur og fleiri persónur að þær séu skörungar án þess að því fylgi nein dæmi til útskýringar (kaflar 9, 24, einnig 7, 31). Þegar engin útskýring fylgir er nær alltaf verið að tala um konur en svipuð umsögn um Helga Harðbeinsson er undantekning frá þeirri reglu (kafli 62). Meulengracht Sørensen (1995, bls. 205–206, 230) segir reyndar að skörungsskapur sé fyrst og fremst kvennadygð í Íslendingasögunum og samsvari nokkurn veginn drengskap sem aðallega sé eignaður körlum.

Í *Laxdælu* eru tvö dæmi um að karlmenn séu sagðir skörulegir við fyrstu kynni fólks af þeim en það gefur til kynna að skörungsskapur sé nokkuð sem menn beri utan á sér með einhverjum hætti. Við að hitta Ólaf páa í fyrsta sinn segir föstra Melkorku þannig að hann sé skörulegur (kafli 21) og Ólafur hinn helgi konungur segir þetta einnig um Bolla Bollason (kafli 73).

Þá er gjarnan talað um skörulegar veislur (kaflar 7, 9, 27 og 69) sem ef til vill er ekki mjög hjálplegt til skilnings á hugtakinu. Reyndar má segja að engar af þessum þremur fyrstnefndu tegundum af dæmum um skörungsskap séu sérstaklega gagnlegar fyrir dygðamenntun. Hér opnast hugtakið ekki nægilega mikið til að hægt sé að skilja vel hvað átt er við.

Önnur dæmi um skörungsskap eru sögð af einhverju tilefni. Mýrkjartan segir Ólaf páa skörung eftir að hann hefur kynnst honum (kafli 21). Geirmundur gnýr þakkar Þorgerði Egilsdóttur fyrir hjálp hennar við að sannfæra Ólaf páa um að leyfa sér að giftast dóttur þeirra Þuríði (kafli 29). Ferð Ólafssona að Þórhöllusonum þótti allsköruleg (kafli 49). Snorra goða þykir Guðrún Ósvífursdóttir skörungur þegar hún ákveður um brúðkaupsveislu sína og Þorkels Eyjólfssonar og einnig þegar hún ver Gunnar Þiðrandabana fyrir Þorkatli í veislunni (kaflar 68 og 69). Þá þótti Guðrún bera fráfall Þorkels skörulega af sér (kafli 76).

Þessi dæmi um skörungsskap eru betri fyrir dygðamenntun en hin fyrri þar sem þau útskýra betur hvaða eiginleika og hegðun skörungsskapur kallar á og gefa okkur færi á að meta hvort við erum sammála þeirri umsögn sem höfundur gefur persónunni í hvert skipti. Öll krefja dæmin okkur jafnframt um að við setjum okkur í spor persónanna sem í hlut eiga. Stundum er um að ræða einstaka atburði en önnur dæmi gefa tilefni til að skoða frammistöðu persónunnar yfir lengri tíma. Þá er siðferðilega togstreitan í þeim mismunandi mikil. Til dæmis er væntanlega ekki um neina sérstaka togstreitu að ræða þegar Guðrún hefur frumkvæði að brúðkaupsveislu sinni og Þorkels. Átökin eru hins vegar meiri þegar Guðrún ver Gunnar Þiðrandabana fyrir Þorkatli en því hefur verið haldið fram að hegðun Guðrúnar í þeim aðstæðum sé dæmi um uppreisn hennar gegn kvenhlutverkinu (Helga Kress, 1980, bls. 106). Bæði Guðrún og Þorkell standa þar frammi fyrir því að þurfa að ákveða hvort þau meta meira gefin loforð eða samstöðuna með maka sínum.

## Stórmennska

Vaðandi stórmennsku er nokkrum sinnum talað um stórmenni almennt án þess að vísað sé í persónu eða afrek (kaflar 7, 29, 45 og 50). Einnig fá persónur þessa umsögn nokkrum sinnum án útskýringa. Það er til dæmis stórmennskumót á Melkorku og Ólafur sonur hennar er stórmannlegur sem ungbarn (kafli 13). Einnig sér Ólafur pái að Þorgerður Egilsdóttir er stórmannleg án þess að beinlínis sé útskýrt hvað í því felst (kafli 23).

Í flestum öðrum tilfellum er einhvers konar tilefni fyrir þessari umsögn þó að það sé ekki alltaf mikið. Oft virðist um að ræða örlæti af einhverju tagi eða andstæðu hennar, nísku. Þannig býður Björn hinn austræni Ketilsson Unni djúpúðgu systur sinni til sín með öllu liði sínu (kafli 5). Gilli hinn gerski lætur Melkorku ekki vera í stórlátum klæðum (kafli 12). Haraldur konungur Gunnhildarson gefur Ólafi páa skip og fé (kafli 22). Ólafur feilan, Ólafur pái og Þorkell Eyjólfsson gefa stórmannlegar gjafir (kaflar 7, 30 og 58). Og Hallur Guðmundsson og Helgi Harðbeinsson

sýna stórmennsku í viðtöku gesta (kaflar 45 og 62). Öll þessi dæmi gætu vakið þælingar um það hvernig viðkomandi persónur hefðu getað hegðað sér öðruvísi en gefa þó varla tilefni til djúpra siðferðilegra umræðna enda virðist ekki um mikla togstreitu að ræða.

Í umræðu sinni um siðferði Íslendingasagna gerir Kristján Kristjánsson (1998, bls. 410–411) reyndar nokkuð úr mikilvægi mikilmennisins, til dæmis í *Laxdælu*, en að minnsta kosti eins og það kemur fyrir á yfirborði *Laxdælu* virðist stórmennskuhugtakið ekki sérlega spennandi umræðuefni fyrir mannkostamenntun.

## Viska

Oftast þegar sagt er að persóna sé vitur, vitringur, spekingur, hafi mikla vitsmuni eða þvíúmlíkt fylgja því engar beinar útskýringar á því í hverju þetta felst. Þetta á við um umsagnir um Jórinni Bjarnardóttur, Þorkel trefil, Þuríði Ólafsdóttur, Ósvífur Helgason, Gest Oddleifsson, Guðrúnu Ósvífursdóttur, Hrefnu Ásgeirsdóttur og fleiri (kaflar 9, 10, 31, 32, 33, 45). Í sumum tilfellum má ef til vill ráða af öðrum stöðum í sögunni hvort þessi umsögn á við rök að styðjast, til dæmis þegar Jórunn heldur ræðu yfir Höskuldi manni sínum um deilu hans við Hrút (kafla 19; sbr. Bouman, 1962, bls. 115). Einnig má reyna að meta réttmæti umsagnarinnar með því að skoða hegðun persóna yfir lengri tíma. Þetta er til að mynda vel hægt að gera við atkvæðamikla persónu eins og Guðrúnu. Þetta gæti líka verið nálgun í dygðamenntun en eins og áður segir er í slíkri kennslu hentugra að fjalla um einstakar dygðaaðstæður en að meta hegðun persónu í mörgum köflum samtímis.

Stundum er þó gefin útskýring á því af hverju persónunni er eignuð viska. Þannig er sagt almennt að spakir menn telji mikilvægt að mönnum komi saman í útverjum (kafla 14). Þetta mætti svo sem útskýra betur en gefur okkur dæmi um viturlega hugsun. Þá segir Ólafur pái Gest Oddleifsson vitran af því að hann ber kennsl á menn án þess að hafa séð þá áður (kafla 33). Það er tekið til marks um vit Ásgeirs æðikolls að hann tók vel í það þegar Kjartan bað Hrefnu dóttur hans því að hann áttaði sig á því að þannig væri honum og fjölskyldu hans sýndur sómi (kafla 45). Einnig er það talið merki um vit að hafa séð gersemar á borð við moturinn sem Kjartan gaf Hrefnu að línfé (kafla 45). Þá má nefna að Snorri goði metur misjafnlega visku Þorgils Höllusonar og Örnólfs Ármóðssonar eftir því hvort þeir muni átta sig á þeim blekkingum sem Snorri leggur til að Guðrún beiti Þorgils til að fá hann til að hjálpa sér að hefna Bolla (kafla 59). Hann segir Þorgils hafa meira af ákafa en vitsmunum en að Örnólfur sé vitrari. Loks segir Bolli Bollason þegar hann ætlar utan að maður verði fávís við það að kanna ekki fleiri staði en Ísland (kafla 72).

Þetta eru helstu dæmin um visku á yfirborði *Laxdælu* og það hlýtur að vekja athygli hversu fjölbreytt þau eru þó að hér hafi verið sleppt skyldum dæmum um klókindi (sbr. van den Toorn, 1955, bls. 68). Það sem þó skiptir mestu máli fyrir okkar samhengi er að þó að dæmin hljóti að teljast upplýsandi um hugmyndir um visku í fornöld þá gefa þau ekki tækifæri til mikilla siðferðilegra vangaveltna. Hér er ekki að finna neinar sérstakar dygðaaðstæður.

## Kærleikur

Flokka má ýmis orð sem merki um kærleika, sérstaklega orð sem byrja á ást-, og orðin blíðu og kærleika. Í raun mætti telja vináttu hér með líka. Þessi orð eru algeng í *Laxdælu* og eru notuð við nokkur tilefni. Greina má fleiri en eina leið til að tala um kærleika í sambandi karls og konu en Frölich (2000, bls. 95–96, 158–179) hefur fjallað ítarlega um hjónabönd og önnur ástarsambönd í sögunni. Gjarnan er sagt að „góðar ástir“ takist með hjónum, eins og Þorgerði Þorsteinsdóttur og Herjólfu, Ólafi páa og Þorgerði Egilsdóttur, Kjartani og Hrefnu, Guðrúnu og Þorkatli og loks Bolla Bollasyni og Þórdísi Snorradóttur (kaflar 7, 24, 45, 69 og 70). Þá er sagt að Þórður Ingunnarson unni konu sinni lítt (kafla 32). Um hjónaleysi er sagt að það séu kærleikar með þeim, til dæmis Þórði og Guðrúnu og Kjartani og Guðrúnu (kaflar 34 og 43).



Alloft er talað um ást á börnum. Þannig ann Höskuldur sonum sínum Bárði og Ólafi páa (kaflar 9 og 13). Þórður goddi leggur ást á Ólaf páa (kafla 16). Ólafur pái og Þorgerður unna Bolla Þorleikssyni (kafla 27). Ólafur pái ann Kjartani og Bolla (kaflar 33 og 48). Og Guðrún ann Bolla syni sínum og einnig Herdísu dóttur hans (kaflar 70 og 76).

Einnig er töluvert af dæmum um að kærleikur, blíða og ást séu notuð til að tjá vináttu eða að minnsta kosti sátt á meðal jafningja eða einstaklinga í svipaðri stöðu. Í öllum þessum tilfellum er um að ræða samband karla. Stundum er um að ræða unga menn, eins og Bolla og Kjartan (kaflar 39, 40 og 45). Stundum er þetta samband Íslendinga og heldri manns, eins og Ólafs páa við Mýrkjartan Írakonung, Harald Noregskonung og Hákon jarl hinn ríka (kaflar 21, 22 og 29). Kjartan Ólafsson og Þorkell Eyjólfsson eiga líka í slíku vinfengi við konunga (kaflar 40, 43 og 74) en gerð hefur verið grein fyrir sterkum tengslum *Laxdæla* við konunga (Ármann Jakobsson, 1998). Fleiri dæmi má nefna en þar er merkingin svipuð og hér hefur verið nefnt.

Ekki verður séð að orð sem byrja á vin- vísi til annars veruleika en þau orð sem flokkuð voru undir kærleika og fjallað var um hér síðast. Undantekningin er þó sú að þar er á einum stað fjallað um samband kvenna og sagt að Þorgerður Egilsdóttir og Auður, fyrrverandi kona Þórðar Ingunnarsonar, séu vinkonur (kafla 53). Hér er einnig algengt að lýsa sambandi Íslendinga og konungs svona. Þannig er vinátta með Ólafi páa og bæði Haraldi konungi og Mýrkjartani (kaflar 21 og 22). Einnig er vinátta með Kjartani og Ólafi Tryggvasyni og Bolla Bollasyni og Ólafi hinum helga Haraldssyni (kaflar 43 og 73).

Í framangreindum dæmum um kærleika og vináttu eru sjaldan gefnar einhverjar nánari skýringar á kærleikanum eða vináttunni þó að gjarnan fylgi lýsingar á því að persóna hafi gefið annarri gjafir. Stundum má ef til vill líta á gjöf sem kærleiksmerki en oft þarf þó að túlka hana svo að eitthvað meira hafi búið að baki, eins og fjallað verður um í tengslum við örlæti. Þegar talað er um vináttu er stundum gefin útskýring á því í hverju vináttan fólst þannig að vinur veitir vini sínum einhverja aðstoð. Þannig er á einum stað sagt að vinir Gesta Oddleifssonar hafi gjarnan leitað ráða hjá honum (kafla 33). Hrútur Herjólfsson telur sig sýna Þorleiki Höskuldssyni vinskapi með því að drepa Eldgrím sem var að stela hrossum Þorleiks þó að Þorleikur sjái þetta að vísu öðruvísi (kafla 37). Og einnig er sagt að Kjartan Ólafsson og Kálfur Ásgeirsson skipti félagi því sem þeir áttu saman í vinskapi (kafla 44). Þó að hér séu einhverjar útskýringar er ekki hægt að segja að neitt af þeim dæmum sem finna má um kærleika og vináttu gefi tilefni til verulegra umræðna nema þá kannski dæmið um Hrút og Þorleik en Þorleikur telur Hrút hafa svívirt sig í þessum samskiptum.

Þó að kærleiksorð séu víða notuð í sögunni má á sumum öðrum stöðum greina kærleika í háttalagi persóna og þar væri því hugsanlegt að tala um dygðaaðstæður. Þannig má álykta um kærleika hjá Mýrkjartani og Melkorku dóttur hans. Mýrkjartan roðnar þegar hann áttar sig á því að dóttursonur hans er kominn til hans (kafla 21) og má taka það sem merki um þessa dygd. Annar vottur um kærleika er þegar Mýrkjartan býður Ólafi konungdóm eftir sinn dag (kafla 21). Þá má ráða kærleika Melkorku móður Ólafs í garð fólks síns á Írlandi af því að hún spyr margs um föður sinn og frændur á Írlandi og einnig fóstru sína, sem hún vildi gjarnan fá til sín til Íslands (kafla 22).

## Drengskapur

Orðin drengur, drengilegur og ódrengilegur koma nokkrum sinnum fyrir hvert í *Laxdælu* en drengskapur er líklega sú dygd í Íslendingasögunum sem fengið hefur mesta umfjöllun fræðimanna. Þar má sérstaklega nefna umfjöllun Sigurðar Nordals (1942, bls. 186–188) sem tengir orðið við traust en Vilhjálmur Árnason (1985, bls. 34, 1991, bls. 158) leggur áherslu á staðfestu hins drengilega manns (sbr. Kristján Kristjánsson, 1998, bls. 410). Þá segir Sigurður hugrekki einnig þátt í dygðinni drengskapi (sbr. van den Toorn, 1955, bls. 140).

Hér er líklega algengara en um önnur dygðaoið að tala um löstinn og segja að persónur séu ódrengeilegar. Einnig virðist hér algengara að einhvers konar útskýring fylgi umsögninni um persónurnar. Þó eru nokkur dæmi um að ekki sé útskýrt í hverju drengskapurinn felst. Þannig er drengskapur Bárðar Höskuldssonar, Kálfs Ásgeirssonar, Gunnars Þiðrandabana og Gellis Þorkelssonar óútskýrður (kaflar 25, 40, 69 og 74).

Drengskapur er til umfjöllunar hjá hjónunum Vigdís Ingjaldsdóttur og Þórði godða (sbr. Meulengracht Sørensen, 1995, bls. 252–254) en Vigdís er eina konan sem sögð er haga sér drengilega. Þá umsögn fær hún hjá Þórólfi frænda sínum fyrir að hjálpa honum að dyljast og komast undan Ingjaldi Sauðeyjargoða þó að Þórður godði hefði þegið fé af Ingjaldi fyrir að aðstoða hann við að klófesta Þórólfi (kafla 15). Það er því sérstaklega áhugavert og undirstrikar andstæðuna á milli þeirra hjóna að Þórður godði fær tvisvar þau ummæli í sama kafla að hafa hagað sér ódrengeilega. Fyrst frá Ingjaldi, sem telur Þórð hafa komið Þórólfi undan, og svo frá Vigdís fyrir að hafa þegið fé fyrir að svíkja Þórólfi.

Önnur persóna sem vænd er um að haga sér ódrengeilega er Geirmundur gnýr en svo segir Þuríður Ólafsdóttir kona hans um hann þegar sem hann ætlar að fara af landi brott án þess að taka dóttur sína með sér og án þess að skilja eftir fé (kafla 30). Þá vænir Kjartan Bolla ekki beinum orðum um ódrengskap en biður hann að vera drengilegri í samskiptum við þá Hjarðhyllinga en samhengið er hvarf á sverði og motri sem Kjartan sakar Laugamenn um að bera ábyrgð á (kafla 46). Einnig er Þorkell að Hafratindum sagður hafa látið ódrengeilega þegar hann var tekinn af lífi (kafla 52). Það kann þó að hafa verið sagt honum til háðungar þar sem hann varð vitni að því þegar Kjartan var veginn, gerði ekkert til að aðstoða hann en sagði að Kjartan hefði verið huglaus (kafla 49). Loks segir Lambi Þorbjarnarson Þorgils Hölluson gera sér ódrengeilega afarkosti þegar hann býður honum að fara að Helga Harðbeinssyni eða verða annars veginn (kafla 61). Í þessu sambandi er áhugavert að Þorgils er síðar lýst sem drengilegum í sjón (kafla 63). Öll þessi tilvik þar sem persóna er talin ódrengeileg eru dygðaaðstæður þar sem samhengið gefur tilefni til þess að dygð persónunnar sé metin.

Einnig koma fyrir nokkur jákvæð dæmi um drengskap sem líta má á sem dygðaaðstæður enda fylgir úrskýring á aðstæðum. Björn Ketilsson þykir mæla drengilega þegar hann tjáir hug sinn um að hann vilji frekar flýja Noreg en að bíða eftir að menn Haraldar konungs hins hárfagra dregi sig og fólk sitt (kafla 2). Þá segir Höskuldur Dala-Kollsson Gilla hinn gerska haga sér drengilega þegar hann segir honum að ambáttin sem hann ætlar að selja Höskuldi sé mállaus í stað þess að leyna því (kafla 12). Loks segir Ólafur konungur Tryggvason það drengilegt af Kjartani Ólafssyni að gangast við því að hafa viljað brenna konung inni (kafla 40).

## Göfuglyndi

Undir göfuglyndi eru hér flokkuð þau tilvik þar sem orðin tigginn og göfugur koma fyrir. Oftast eru þessi tvö orð notuð með sambærilegum hætti þó að orðið tigginn vísi að jafnaði til herra settra einstaklinga en orðið göfugur. Að minnsta kosti í köflum 41 og 43 virðast orðin tigginn og ótigginn vísa til fólks af konunglegum ættum eða ekki. Algengast er að orðin vísi ekki til neinnar ákveðinnar persónu heldur til tigginna manna eða göfugra frænda. Þá er eins og verið sé að sýna góða stöðu ákveðinna persóna innan sæmdarveldisins með því að benda á tengsl þeirra við slíkar persónur en Meulengracht Sørensen (1995, bls. 130–131) leggur einmitt áherslu á að göfgi einstaklings felist fyrst og fremst í tengslum við merka ætt. Þannig fær Ketill flatnefur góðar viðtökur af tignum mönnum í Skotlandi, Unnur djúpúðga bauð tignum mönnum til veislu, Melkorka segir Ólaf son sinn eiga göfuga frændur á Írlandi, Þorleikur Höskuldsson var með tignum mönnum í kaupferðum, Kjartan Ólafsson á göfuga frændur á Íslandi, Þorkell Eyjólfsson var með tignum mönnum í Noregi og Þorleikur Bollason var handgenginn hinum tigna Ólafi konungi helga (kaflar 4, 7, 20, 25, 43, 68 og 70). Í þessum tilfellum er engin útskýring að baki umsögninni nema þá helst að viðkomandi hafi háa félagslega stöðu. Einnig er talað um göfugt kvonfang en þær Gjaflaug Arnbjarnardóttir og Guðrún Ósvífursdóttir eru metnar svo (kaflar

20 og 68). Ekki er útskýrt hvers vegna Ásgeir Snartarson og Ásgeir æðikollur eru sagðir göfugir (kaflar 31 og 45).

Ekkert af þessum dæmum eru sérstaklega gagnleg í dygðakennslu. Í raun má efast um að göfuglyndið í framangreindum dæmum sé eiginleg dygð. Það kann að vera að í því sæmdarsíðferði sem almennt er talið ríkja í Íslendingasögum (sbr. Torfa H. Tulinius, 2001, bls. 57; Kristján Kristjánsson, 1998, bls. 409; Svavar Hrafn Svavarsson, 2009, bls. 248), sé félagsleg staða álitin dygð en það er varla gert núna. Að minnsta kosti stríðir það gegn þeirri hugmynd að dygð sé eitthvað sem maður hefur áunnið sér eða tilheyrir persónu manns sjálfs. Ein og sér staða manns sem fyrirmaður eða ríkur einstaklingur getur því ekki kallast dygð. Í sæmdarveldi kann þó að hafa verið uppi hugmynd um að maður öðlaðist einungis ákveðna stöðu með því að vera mannkostum búinn og því hlyti maður í góðri stöðu að hafa þá til að bera. Þannig hafi sumir blátt blóð í æðum og náttúrulega yfirburði sem birtist í andlegu og líkamlegu atgervi og félagslegri stöðu. Einnig kemur til greina að talið sé að góð staða gefi manni ákveðna eiginleika. Það að hafa mannaforráð gefi manni til að mynda aðra sýn á lífið og geri manni kleift að rækta með sér dygð göfuglyndisins sem aðrir eigi erfitt með að gera.

Hvað sem þessu líður eru nokkur dæmi þar sem orðið göfugur er útskýrt með einhverjum þeim hætti sem bent getur til dygðar. Þannig vill Björn Ketilsson gera að dæmi göfugra manna og flýja Noreg (kafla 2). Einnig er sagt í framhaldi af þeirri lýsingu á Ólafi þáa að hann hafi verið vinsæll og vel metinn að hann hafi þótt göfugasti sonur Höskulds (kafla 24). Þorgerður Egilsdóttir eggjar syni sína til að hefna Kjartans og segir þá ólíka göfugum frændum sínum því þeir hefni ekki (kafla 53). Þá er sagt um Guðrúnu Ósvífursdóttur í lok sögunnar að hún hafi verið fyrsta nunna á Íslandi og einnig einsetukona og í framhaldinu er sagt að hún hafi verið „göfugust jafnborinna kvenna hér á landi“ (kafla 78). Í öllum þessum tilfellum eru útskýringarnar frekar þunnar en gefa þó einhverja mynd af göfuglyndi. Að þessu sögðu er hér varla um sérlega áhugaverðar dygðaaðstæður að ræða þó að vel megi til að mynda reyna að setja sig í spor sona Þorgerðar og velta fyrir sér hvað manni finnist göfugt.

## Kurteisi

Orðið kurteisi má tengja við hugmyndir um riddaramennsku og ljóst er að slíkar hugmyndir hafa haft áhrif á *Laxdælu* (Madelung, 1972, bls. 151–152, 155–156; Kramarz-Bein, 1994). Eins má þó segja um kurteisi og áður var sagt um göfuglyndi að það er á mörkum þess að geta talist eiginleg dygð, að minnsta kosti á okkar tíma mælikvarða. Undir þennan flokk falla orðin kurteisi, kurteis og kurteislegur ásamt einu tilviki af orðinu þrúður. Í tveimur tilfellum þegar Ólafur þái og Bolli Þorleiksson eru sagðir kurteisir er ekki útskýrt hvað átt er við (kaflar 13 og 28). Annars vísa öll tilföllin til þess hvernig fólk ber sig sýnilega. Stundum er meiri áhersla á skart og klæðaburð í því sambandi en á öðrum stöðum er áherslan á framkomu eða hegðun. Í enn öðrum tilfellum verður svo ekki greint þarna á milli.

Dæmi um áherslu á skart eða útbúnað er hvernig Ólafur þái og fylgdarlið hans býr vel og kurteislega um tjaldbúð sína (kafla 26). Skýrustu dæmin varða þó Guðrúnu Ósvífursdóttur og son hennar Bolla Bollason. Guðrún er sögð svo kurteis að skart annarra kvenna er sagt hégómi í samanburði (kafla 32). Þá er Bolli Bollason í miklum skartklæðum þegar hann kemur heim frá útlöndum og hann er enn fremur kallaður „Bolli hinn þrúði“ (kafla 77). Þess er síðan getið að konur hafi ekki getað haft augun af Bolla og skarti hans og er sagt að hann ríði í slíkri kurteisi vestur í sveitir.

Helstu dæmin um áherslu á hegðun eða framkomu eru þegar Hallur Guðmundsson biður Kjartan Ólafsson að sýna þá kurteisi að taka þátt í leik með öðrum og Kjartan verður við því (kafla 45). Þá er sagt að Hrefna kona Kjartans hafi verið harmþrungin eftir víg Kjartans en að hún hafi þó borið sig kurteislega „því að hún var við hvern mann létt í máli“ (kafla 50). Í þessum dæmum má segja að greina megi nútímamerkingu orðsins. Þó er erfitt að segja að þessi dæmi um kurteisi séu



almennt sérlega áhugaverð fyrir dygðamenntun. Sjaldnast er um að ræða skýrar dygðaaðstæður nema kannski í tveimur síðastnefndu dæmunum.

## Fleiri dygðir og dygðaaðstæður í *Laxdælu*

Hér að framan hefur komið í ljós að nýta má sumar dygðir sem liggja á yfirborði *Laxdælu* til að ræða um dygðir. Það virðist þó ljóst að heilmargar dygðaaðstæður fari forgörðum ef við nýtum einungis dygðir sem beinlínis eru nefndar í sögunni. Ef þessari leið er fylgt um dygðir verður ekki fjallað um marga stærstu atburði *Laxdælu*. Til að dygðaaðstæður fari ekki forgörðum og vegna þess að það er ekki ástæða til að ætla að allar dygðir sem finna má í sögunni séu nefndar af höfundu hennar er ástæða til að skoða hvort fleiri dygðir finnist í henni.

Út frá sjónarhorni mannkostamenntunar má spyrja hvort réttu dygðirnar sé að finna í *Laxdælu* svo að nemendur geti fengið þar heildstætt yfirlit yfir hinar mikilvægustu dygðir. Þó verður að teljast vafasamt að gera slíka kröfu því að það er vandasamt að segja til um í eitt skipti fyrir öll hvaða dygðir einstaklingur þarf til að lifa góðu lífi. Þá eru engin merki um að *Laxdæla* sé sérstaklega byggð á neinni slíkri hugmynd. Því verður ekki gerð sú krafa til einnar sögu eins og *Laxdælu* að hún gefi heilsteypt yfirlit yfir allar mikilvægar dygðir. Dygðamenntun sem byggðist á *Laxdælu* fæli því miklu heldur í sér einhvers konar tilviljunarkennt úrval dygða sem vonandi samanstæði af mikilvægum dygðum þó að ekki sé hægt að gera kröfu um að allar mikilvægar dygðir komi fyrir.

Í rannsóknarverkefningu sem þessi grein byggist á var talið nærtækast að nýta lista yfir dygðir sem Jubilee-miðstöðin hefur notað við sambærilegt verkefni á Englandi (The Jubilee Centre for Character & Education, e.d.). Til að undirbúa kennslufni fyrir nemendur valdi Jubilee-miðstöðin átta aðaldygðir til að vinna með og sex aðrar dygðir. Við lestur á *Laxdælu* kom reyndar í ljós að sumar dygðanna á lista Jubilee þóttu ekki hentugar eins og þær komu fyrir. Þó var gjarnan heppilegt að setja skylda dygð í staðinn.

Þannig þótti erfitt að koma beinlínis auga á réttlæti (e. justice) í *Laxdælu*. Það kann að helgast af þeim þroska sem einkennir samfélag sögunnar en það virðist einfaldlega ekki einkennast af réttlæti, eins og við nútímamenn myndum skilgreina það. Eðlilegra þótti að tala um sanngirni og varð það hugtak fyrir valinu. Einnig þótti skrytið að tala um náð eða miskunnsemi (e. mercy). Bæði er það óþarflega kristilegt orðalag og þá virðast þær aðstæður sem kalla á miskunnsemi einfaldlega ekki það algengar í sögunni, þ.e. að einn hafi örlög annars í hendi sér en hlífi honum (sjá þó kafla 58 og 64). Eðlilegra þótti að tala um sáttfýsi en færa má fyrir því rök að sáttfýsi eða ósáttfýsi persóna sé eitt stærsta viðfangsefnið í *Laxdælu*. Loks þótti eðlilegra að tala um þrautseigju en styrk (e. strength).

Auðvitað má deila um greiningar á einstökum textastöðum en stóra myndin ætti að vera nokkuð skýr og taka má niðurstöðurnar saman með eftirfarandi hætti. Oftast koma fyrir eftirfarandi dygðir: kærleikur (e. love), örlæti (e. generosity), sáttfýsi, hugrekki (e. courage), göfuglyndi (e. nobility), sanngirni, heiðarleiki (e. honesty), sjálfsagi (e. self-discipline) og þrautseigja. Af þeim 14 dygðum sem lagt var upp með var hins vegar lítið sem ekkert fjallað um eftirfarandi fimm dygðir: Auðmýkt (e. humility), þjónusta (e. service), vongleði (e. hope), þakklæti (e. gratitude) og trúfesti (e. faith). Það kemur ef til vill ekki á óvart að auðmýkt, þjónusta og þakklæti skuli ekki einkenna mjög persónur í *Laxdælu*. Óvist er þó með vongleði og trúfesti. Eflaust má hér kenna greinandanum að einhverju leyti um það að þær dygðir töldust sjaldgæfar.

Af þeim Jubilee-dygðum sem oftast fundust eru einungis tvær þær sömu og fundust á yfirborði *Laxdælu*, þ.e. kærleikur og göfuglyndi. Ekki er ástæða til að fjalla nánar um þessar tvær dygðir þar sem þessi síðari leit greip að mestu sömu dæmin og fundust á yfirborði *Laxdælu*. Varðandi hinar sjö algengu dygðirnar sem eftir standa verður sérstaklega fjallað um tilfelli þar sem um dygðaaðstæður er að ræða enda eru þau dæmi mun áhugaverðari fyrir dygðamenntun en hin, eins og áður hefur verið fjallað um.

## Örlæti

Flest tilfelli sem metin voru hér sem örlæti snúast um gjafir og góðvild einhvers konar í tengslum við heimsóknir (sbr. van den Toorn, 1955, bls. 58–59). Örlætið felst þá fyrst og fremst í því að taka vel á móti fólki og gefa því góðar gjafir þegar það fer aftur. Þetta er dygd því það er væntanlega ekki skylda að koma þannig fram. Þó verður að segja að í sæmdarsíðferði sé það að gefa gjafir ekki endilega dygd í þeim skilningi að gefandinn hugsar fyrst um það sem þiggjandanum kemur vel. Það lítur frekar út fyrir að gjafir séu liður í að treysta böndin við vini og vandamenn (sbr. Helga Þorláksson, 2001, bls. 94–96) og það er sannarlega við hæfi að velta fyrir sér, eins og Derrida (1992) gerir, hvort í raun sé hægt að gefa eitthvað þar sem gjöfin virðist ávallt skuldbinda þiggjandann með einhverjum hætti.

Fjöldamörg dæmi eru um það að konungar gefi Íslendingum gjafir, oftast í kveðjuskyni, (kaflar 13, 19, 21, 22, 40, 43, 73, 74 og 78) og hið sama er upp á teningnum þegar menn halda úr veislum á Íslandi (kaflar 7, 9, 23, 27, 29, 45 og 69). Fleiri dæmi um örlæti þar sem eiginhagsmunaástæður virðast ljóslega leika stórt hlutverk er þegar Þórður goddi býður Ólafi þá í fóstur og gefur honum arf eftir sig (kafla 16). Þórður styrkir greinilega stöðu sína í samfélaginu með þessu. Það er ef til vill svipað dæmi þegar Ólafur þá býður Bolla til sín til að sættast við Þorleik (kafla 27). Öðruvísi eiginhagsmunir eru ráðandi þegar Ólafur þá gefur Geirmundi kaupskip, að því er virðist til að losna við hann úr landi (kafla 30).

Dæmi um dygðaaðstæður þar sem örlætið virðist ekki eins eiginhagsmunadrifið, þó að dæmi um nísku leynist innan um, er þegar Unnur djúpúðga kemur til Íslands og vantar stað fyrir sig og fólkið sitt. Helgi bróðir hennar býður henni einungis að vera með helming fólks síns en Björn býður öllum að vera hjá sér (kafla 5). Einnig virðist Unnur sjálf sýna örlæti þegar hún gefur förunautum sínum land (kafla 6), meðal annars Dala-Kolli (sem hún gifti Þorgerði barnabarn sitt), og þegar hún gefur Erpi þræli sínum frelsi (kafla 6). Þá virðist Mýrkjartan sýna örlæti er hann býður Ólafi þá konungdóm eftir sinn dag (kafla 21) og annað jákvætt dæmi um örlæti er þegar Höskuldur öfundar Ólaf son sinn ekki af virðingunni sem hann fær (kafla 24) en það hlýtur að teljast örlæti í sæmdarveldi að gefa eftir virðingu.

Orðið „örlátur“ kemur annars einu sinni fyrir í *Laxdælu* og einu sinni orðið „örlæti“ en bæði skiptin eru í kafla 73 þar sem talað er um Bolla Bollason. Í raun má segja að þar sé merkingu orðsins vel lýst eins og það kemur fyrir í *Laxdælu*. Sagt er að Bolli sé framgjarn og vilji vera fyrir öðrum mönnum og að honum hafi tekist það vel því að hann sé örlátur. Þetta gefur einmitt til kynna að það að vera örlátur við aðra hafi verið leiðin til að afla sér vana og virðingar og fara fyrir mönnum.

## Sáttfýsi

Sáttfýsi í *Laxdælu* má eins og örlæti skilja í samhengi við sæmdarsíðferði Íslendingasagna. Eitt skýrt einkenni þessa síðferðis er að maður þarf að hefna eða fá það bætt ef venslamaður manns hefur verið drepinn eða eitthvað annað hefur verið gert á manns hlut. Í þessu ljósi verður hefnd leið til að heimta sóma sinn aftur. Það er því ef til vill eðlilegt að sáttfýsi sé ekki eins almenn í *Laxdælu* og gera má ráð fyrir að hún sé í dag. Engu að síður ganga sumar persónur lengra í að sættast eða sættast ekki en aðrar og vel má skoða það sem dygd eða löst.

Í sjálfu sér virðist ekkert vera snúið við að skilja út á hvað sáttfýsi gengur. Erfiðara er að átta sig á því hvort eðlilegt sé að sættast í hverju tilfelli fyrir sig því það er ekki víst að það að vera ófús til að sættast í einhverju tilfelli merki endilega að maður sé ósáttfús yfirleitt. Það getur vel verið að maður sé að leita eftir því sem er sanngjarnt og gera má ráð fyrir að þeir sem leiti hefnda líti svo á. Samt má vel velta fyrir sér hvenær hvað á við. Það sem mat á sáttfýsi kallar iðulega á er einhvers konar heildarmat á aðstæðum til að geta betur skilið réttmæti þess að fara fram með þeim hætti sem um ræðir. Þetta getur auðvitað reynst erfitt þar sem dygðaaðstæðurnar eru ekki ljósar fyrr en við skiljum þetta heildarsamhengi.

Í *Laxdælu* eru nokkur dæmi um misklíð þar sem persónur taka ólíkt á málum. Þessi mál eru ef til vill líka ágæt dæmi um dygðapælingar sem við missum af ef við skoðum bara dygðirnar sem við fundum á yfirborði *Laxdælu*. Eitt dæmi um ósætti í sögunni er þegar Höskuldur vill skipta arfi jafnt með öllum sonum sínum, líka Ólafi þáa sem ekki er getinn í hjónabandi, en samkvæmt lögum áttu óskilgetnir synir ekki rétt á arfi til jafns við skilgetna syni (kaflí 26). Þar sem Þorleikur leggst gegn því blekkir Höskuldur hann til að samþykkja stærri gjöf til handa Ólafi en lögin leyfðu. Af þessu verður ósætti milli Ólafs og Þorleiks. Ósáttfýsi Þorleiks verður ljósari við það að Bárður albróðir hans vill sættast við Ólaf. Ólafur sýnir svo sáttfýsi sína með því að bjóðast til að taka Bolla, son Þorleiks, í fóstur (kaflí 27). Hér má velta fyrir sér hvað hefði verið eðlilegt að gera fyrir þá Ólaf og Þorleik.

Með sambærilegum hætti má velta fyrir sér ósætti Þuríðar og Geirmundar (kaflar 29 og 30) og eins þegar Þórður Ingunnarson vill ekki láta elta Auði fyrrverandi konu sína þegar hún leggur til hans og særir (kaflí 35). Hér má spyrja hvort Þuríður og Auður hafi verið ósáttfúsar eða bara viljað öðlast sæmd á ný. Eins má spyrja hvað Þórður leggi hér til grunnvallar þeirri ákvörðun sinni að sættast við Auði.

Líkt og sæmdarsíðferðið getur ýtt undir ósáttfýsi getur það einnig ýtt undir sáttfýsi. Það má sjá glöggt hjá Ólafi þáa í tveimur málum en varla er nokkur persóna í *Laxdælu* eins friðelskandi og Ólafur (sbr. Bouman, 1962, bls. 122). Fyrst vill hann sætta Þorleik hálfbróður sinn og Hrút föðurbróður sinn þegar þeir deila (kaflar 37 og 38). Séð í hagnýtu ljósi getur það bæði veikt stöðu þína ef venslamenn þínir takast á innbyrðis og einnig getur það valdið vafa um hvoru liðinu þú átt að fylgja ef annar myndi nú vega hinn. Þetta verður enn átakanlegra í hinu málinu sem Ólafur tengist en það er ósættid sem verður annars vegar á milli Bolla, Guðrúnar og þeirra Laugamanna og hins vegar heimilismanna Ólafs í Hjarðarholti eftir að Kjartan kemur heim. Þar er auðsætt að á meðan Guðrún og Kjartan geta ekki sæst og skiptast á að gera hvort öðru óleik á víxl vill Ólafur þá umfram allt sætta fólk (kaflar 44–49). Þetta endar eins og allir vita með því að Bolli drepur Kjartan. Ólafur þá vill þá ekki láta drepa Bolla eins og synir hans vilja þó (kaflar 49–51). Kannski má útskýra það með því að Bolli var fóstur- og bróðursonur hans og því hefði mátt líta svo á að hann væri skyldugur til að hefna hans.

Í þessu máli öllu og eftirmálum eru allmörg tækifæri til að ræða sáttfýsi og ósáttfýsi annarra persóna en Ólafs þáa. Spyrja má um hegðun Kjartans þegar hann vill ekki heimsækja Laugamenn, vill ekki þiggja hesta af Bolla, dreitir Laugamenn inni og kúgar Þórarinn í Tungu til að selja ekki Bolla og Guðrúnu land (kaflar 44, 45 og 47). Einnig má spyrja um sáttfýsi Bolla þegar hann býður Kjartani hesta til að blíðka hann, það að hann skuli láta Guðrúnu sannfæra sig um að fara að Kjartani og það að hann skuli á endanum vega Kjartan (kaflar 45, 48 og 49). Íhuga má háttalag Guðrúnar þegar hún fær Hrefnu til að sýna sér moturinn, það að hún virðist standa að baki því að Ósvífurssynir stela sverði Kjartans (kaflí 46), það að hún skuli verja stuldinn á motri Hrefnu (kaflí 46), að hún skuli eggja bræður sína og Bolla til að fara og vega Kjartan eftir að hann hafði dreitt þau inni (kaflí 48), að hún skuli sýna meinfýsni í garð Hrefnu eftir að Kjartan var veginn (kaflí 49) og loks að hún skuli ekki gleyma vígi Bolla og sjá til þess tólf árum síðar að hans sé loks hefnt (kaflí 59). Þá má nefna þátt Þorgerðar Egilsdóttur í að sannfæra syni sína um að drepa Bolla eftir að Ólafur þáa er dáinn (53 og 54). Loks má tala um þátt Snorra goða í að skipa málum þannig að víg þessi takist af (kaflar 59 og 71) og þátt bæði Ólafssona og Bollasona í að ljúka deilumálunum (kaflí 71). Hér er því um fjölmargar dygðaaðstæður að ræða og spyrja má hvernig sagan hefði getað farið ef einhver eða allar framangreindar persónur hefðu verið sáttfúsari.

## Hugrekki

Þar sem hugrekki virðist mikilvægt í sæmdarsíðferði almennt (sbr. van den Toorn, 1955, bls. 85–87) eru merkilega fá orð í *Laxdælu* sem beinlínis vísa til hugrekks og þau virðast ekki endilega vera notuð þar sem hugrekki er helst að finna. Raunar eru orðin djarfur, óslær (djarflegur), djarflegur og dáðlaus gjarnan notuð til að eggja menn til athafna, sérstaklega til hefnda (kaflar

47 og 53) og í eitt skiptið segist Ólafur pái gerast svo djarfur að þora að setjast hjá Þorgerði Egilsdóttur (kafla 23). Í leit að hugrekki er því vænlegast að líta á aðstæður þar sem gera má ráð fyrir að fólk fyndi til ótta en það gerir það ekki eða lætur óttann að minnsta kosti ekki ráða för. Fyrst má nefna að Ólafur pái virðist sýna hugrekki þegar hann kemur að landi á Írlandi (kafla 21). Hann hræðist ekki að fást við Íra og er tilbúinn að berjast ef þarf. Hér er gagnlegt að skoða ólík viðbrögð Arnar, sem er með Ólafi í för og virðist óttast mjög viðskipti við Írana. Á einum stað biður Ólafur menn sína að „herða hugina“. Reyndar veit Ólafur að Mýrkjartan Írakonungur er afi hans og hefur því ástæðu til að ætla að hann muni taka sér vel. Það gefur þó einungis enn frekari ástæðu til að ræða forsendur dygðarinnar hugrekkis. Hverju skiptir þekking þegar kemur að hugrekki? Ólafur sýnir svo aftur hugrekki er hann berst við draug Hrapps (kafla 24).

Þó að Cook (1992, bls. 53) sé á öðru máli virðist ekki á neinn hallað þegar því er haldið fram að sá sem sýni mest hugrekki í *Laxdælu* sé Kjartan Ólafsson (sbr. Madelung, 1972, bls. 163) þó að hugrekki hans sé reyndar stundum á mörkum þess að geta talist dygd (sbr. Ármann Jakobsson, 1998, bls. 373–374) og ætti jafnvel frekar að kalla fífldirfsku. Hugrekki Kjartans hverfist svo um tvo menn, annars vegar Ólaf konung Tryggvason og hins vegar Bolla Þorleiksson, og jafnframt má tala um tvö mismunandi svið. Fyrra sviðið er í Noregi, en þar sýnir Kjartan hugrekki með því að þora að keppa í sundi við óþekktan sundmann sem reynist vera konungurinn (kafla 40). Þar spyr hann Bolla fyrst hvort Bolli vilji keppa við sundmanninn en Bolli telur það ekki á sínu færi. Í þessum kafla leggur Kjartan einnig áherslu á að láta konunginn ekki kúga sig til að taka kristni og segist meira að segja vilja freista þess að brenna hann inni. Bolli segir þetta ekki hyggilegt. Þegar konungur segist svo vita ráðagerðina gengst Kjartan hiklaust við henni, sem væntanlega er til marks um hugrekki.

Síðara sviðið þar sem Kjartan sýnir hugrekki umfram Bolla er þegar hann kemur heim og illindin verða á milli Hjarðhylltinga og Laugamanna. Kjartan tekur að minnsta kosti af skarið á meðan Bolli situr hjá, hvað sem segja má um sanngirni athafna Kjartans. Áður en Kjartan er drepinn af Bolla eru gefnar nokkrar vísbendingar um hugrekki Kjartans eða fífldirfsku. Kjartan lætur ekki vondan draum Áns hrísmaga aftra för sinni og vill ekki vera sakaður um að þora ekki að halda leiðar sinnar (kafla 48). Þegar hann verður var við fyrirsátina sem honum er gerð snýr hann þegar að Ósvífurssonum þó að liðsmunurinn sé nokkur og ef til vill er það hugrekki líka að kasta frá sér sverðinu í lokin og leyfa Bolla að drepa sig (kafla 49).

Aðrir sem virðast sýna hugrekki eru Án hrísmagi, sem tekur fullan þátt í bardaganum þegar Kjartan er veginn og fer fyrstur inn í selið í aðförinni að Bolla þegar aðrir hika (kaflar 49 og 55). Þá virðist Þorkell Eyjólfsson sýna hugrekki með því að fara einn að Grími og Helgi Harðbeinsson sömuleiðis þegar hann hleypur út úr selinu þegar sótt er að honum (kaflar 57, 58 og 64). Loks mætti ef til vill tína til fleiri aðstæður þar sem persónur virðast sýna hugrekki, ekki síst konur, en dæmi um það er glíma Vigdísar Ingjaldsdóttur við að halda frænda sínum Þórólfi á lífi (kaflar 14 og 15; sbr. Frölich, 2000, bls. 78).

## Sanngirni

Dæmi eru um það í *Laxdælu* að persónum sé þannig lýst að þær séu ekki líklegar til að vera sanngjarnar í samskiptum sínum við aðra. Þannig er því spáð um Þorleik Höskuldsson að hann verði „engi jafnaðarmaður“ (kafla 9). Sagt er um Víga-Hrapp að hann vildi ekki láta sinn hlut þó að hallaði á aðra og hann vildi ekki bæta það er hann gerði á hlut annarra, auk þess sem hann var ágangssamur við nágranna sína (kaflar 10 og 17). Loks vildi Hallur bæði kjósa og deila veiðifangi því sem hann hafði aflað með Þórólfi (kafla 14).

Fyrir utan þetta virðast vera að minnsta kosti tvær stórar dygðaaðstæður í sögunni þar sem gott er að velta fyrir sér sanngirni persónanna eða réttlæti. Í fyrra tilfellinu er Höskuldur Dala-Kollsson í aðalhlutverkinu en Snorri goði í hinu síðara. Fjalla má um sanngirni með því að velta fyrir sér hvort Höskuldur hafi gert rétt þegar hann skipti arfi á milli sona sinna (kafla 26) en áður

var fjallað um þetta dæmi í ljósi sáttfýsi. Eins og við munum fer Höskuldur á svig við lög og blekkir son sinn Þorleik þegar hann gefur Ólafi gjafir. Hér vaknar spurningin hvort Höskuldur sé í raun sanngjarn eða ekki. Voru lögin kannski ranglát og var þetta því sanngjarnt svona eða hefði Höskuldur átt að fara að lögum? Þetta er því ef til vill ekki dæmi um sanngirni en það gefur tilefni til að ræða hvað sé sanngjarnt og hvað ósanngjarnt. Skoða má þetta út frá þeim sjónarmiðum sem virðast eiga við í sæmdarsíðferði og einnig á okkar tímum.

Hitt dæmið varðar það þegar Snorri goði leggur til að Þorgils Hölluson verði blekkur til að hjálpa Guðrúnu og Bollasonum við að hefna Bolla Þorleikssonar (kaflar 59, 60 og 65). Guðrún lofar að giftast Þorgils og engum öðrum samlendum manni en hefur í huga að giftast Þorkatli Eyjólfssyni sem þá er staddur í Noregi. Hér virðist engan veginn komið fram af sanngirni eða réttlæti gagnvart Þorgils. Einnig er ljóst að Snorra goða er umhugað um að öll víg sem leiddi af vígi Kjartans takist af. Það virðist því ákveðin sáttfýsi búa að baki tillögum hans auk þess sem hann leggur til að þannig verði staðið að því að hefna Bolla að af því hljótist sem minnst eftirmál. Hér má því velta fyrir sér hvernig sanngirni og sáttfýsi takast á. Varðandi spurninguna um sanngirninna í þessu öllu koma svo fleiri persónur við sögu því Guðrún framkvæmir blekkinguna en fleiri vita af henni. Þá framfylgir Þorgils sjálfur hluta af ráðagerð Snorra með því að setja Þorsteini svarta og Lamba að því er virðist algera afarkosti til að fá þá til að taka þátt í aðförinni að Helga Harðbeinssyni (kafli 61). Loks lætur Snorri goði svo drepa Þorgils (kafli 67). Þetta mál allt er því nokkuð flókið og snúið getur verið að dæma um hver ætti að bera sök á óréttlætinu sem þarna birtist.

## Heiðarleiki

Nokkur dæmi eru um heiðarleika og óheiðarleika í *Laxdælu*. Þannig er Gilli hinn gerski heiðarlegur við Höskuld Dala-Kollsson er hann segir honum að ambáttin sem hann ætlar að selja honum sé mállaus (kafli 12). Höskuldur verður einnig að teljast heiðarlegur þegar hann segir Jórunni konu sinni allan sannleikann um samskipti sín við ambáttina sem hann sengaði hjá (kafli 13). Í tengslum við þetta dæmi sjáum við einn af kostum dygðanálgunarinnar. Að minnsta kosti samkvæmt síðferði okkar tíma er það hvorki aðdáunarvert af manni að kaupa ambátt né að sofa hjá henni. Hér virðist Höskuldur því hafa einhverja lesti en um leið er erfitt að hafna því að hann sé heiðarlegur við Jórunni, og það telst þá vera dygð. Styrkur dygðanálgunarinnar felst þá í því að geta varpað ljósi á þessa ólíku þætti í persónuleika persónanna. Einnig má í sama kafla velta fyrir sér andstæðum í persónuleika ambáttarinnar Melkorku þar sem hún blekkir menn og lætur þá halda að hún geti ekki talað en um leið lýsir það ákveðinni þrautseigju af hennar hálfu að geta neitað húsbóndanum um aðgang að rödd sinni.

Áhugavert dæmi um heiðarleika er þegar Þorkell Eyjólfsson finnur fyrir Gunnar Þiðrandabana sem vill ekki segja til nafns því hann hafði vegið mann og vill leynast (kafli 69). Þá segir Þorkell að sé hann sú kempa sem menn segja þá vilji hann ekki leyna nafni sínu. Gunnar bregst við með því að viðurkenna hver hann er. Hér má því tengja heiðarleika við það að vera mikilmenni. Það séu einungis lítilmenni sem reyni að dyljast.

Dæmi um óheiðarleika er þegar Geirmundur gnýr leynir Ólaf þáa því að hann ætli með honum til Íslands (kafli 29). Þá virðast ráðagerðir og brögð Þórðar Ingunnarsonar og Guðrúnar Ósvífursdóttur til að losna úr hjónaböndum frekar óheiðarleg en ósanngjörn (kaflar 34 og 35). Það er ekki víst að það sé ósanngjarnt af Guðrúnu gagnvart Þorvaldi að vilja skilja við hann en hún fór heldur óheiðarlega að við skilnaðinn og hið sama má segja um samskipti Þórðar við Auði. Þá má vissulega telja ráðagerð þeirra Snorra goða og Guðrúnar gagnvart Þorgils, sem áður var nefnd, óheiðarlega (kaflar 59, 60 og 65). Öll þessi dæmi kalla á spurningar um hvernig hefði verið hægt að breyta öðruvísi svo að yrði í meira samræmi við dygð og hvort einhverjar persónur hafi ekki átt neitt betra skilið en að vera blekkar.



## Sjálfsagi

Það gefast nokkur tækifæri til að fjalla um sjálfsaga í *Laxdælu*. Eitt þeirra er þegar Jórunn lemur Melkorku með sokkum og Melkorka svarar með því að kýla Jórunni í nefið þannig að blæddi (kafla 13). Hér er áhugavert að skoða hvort reiðin sem hvor um sig finnur til í aðstæðunum getur talist réttlæt看leg og hvort viðbrögðin séu í samræmi við það. Það er nefnilega ekki útilokað að reiði sé réttlæt看leg ef maður hefur verið beittur ósanngirni en færa má rök fyrir því að slíkt eigi við þegar Bolli reiðist Guðrúnu, Lambi reiðist Ólafssonum og Þorgils Hölluson reiðist Guðrúnu (kaflar 49 og 65). Þá má velta fyrir sér hvort Þórólfur hefði mátt sýna meiri sjálfsaga þegar hann drepur Hall fyrir að vilja bæði kjósa og deila (kafla 14). Eins má spyrja um sjálfsaga Guðrúnar þegar hún krefur Þorvald mann sinn um miklar gjafir og eins sjálfsaga Þorvaldar þegar hann gefur Guðrúnu kinnhest (kafla 34).

Guðrún Ósvífursdóttir virðist annars sýna meiri sjálfsstjórn en aðrar persónur sögunnar (sbr. Bouman, 1962, bls. 120). Sjálfsstjórn hennar hverfist fyrst og fremst um víg þeirra Kjartans og Bolla en þó að hún leiki lykilhlutverk í atburðarásinni og merki séu um að hún upplifi sterkar tilfinningar verður ekki séð að hún missi stjórn á skapi sínu. Er það kannski sérstaklega áhugavert í ljósi þess að þegar hún er kynnt til sögunnar er hún sögð örlynd kona (kafla 32), sem gefur til kynna að hún hafi síðan lært að stjórna skapi sínu. Meðan Kjartan er veginn spinnur hún heilmikið garn (kafla 49) og þegar menn koma til að veða Bolla vill hún fyrst vera hjá honum en þegar hann hafnar því gengur hún út og fer að þvo lérefst sín (kafla 55). Öll framkoma hennar daginn sem Bolli er veginn er raunar ótrúleg. Hún þvær í læknum eins og ekkert sé að gerast á meðan maður hennar er veginn, hún spyr menn svo tíðinda, brosir við Helga Harðbeinssyni þegar hann hefur þurrkað blóð Bolla af vopni sínu með blæjuenda hennar og síðan gengur hún áleiðis með þeim sem fóru að Bolla og ræðir við þá á leiðinni.

Loks má velta fyrir sér sjálfsaga þeirra sem sagan segir okkur að upplifi miklar tilfinningar, ekki síst sorg (sbr. van den Toorn, 1955, bls. 88–91). Þetta á til að mynda við um Hrefnu eftir að Kjartan er veginn en hún ber sig kurteislega og er létt í máli (kafla 50).

## Þrautseigja

Þrautseigja virðist heldur vera dygð kvenna en karla í *Laxdælu*. Hún kemur til að mynda fram hjá Unni djúpúðgu sem gefst ekki upp í erfiðum aðstæðum í Skotlandi, lætur byggja skip á laun, kemst burt til Íslands og kemur sér upp búí hér (kaflar 4 og 5). Þá virðast Melkorka, Auður, Vigdís Ingjaldsdóttir, Þorgerður Egilsdóttir, Guðrún Ósvífursdóttir, Jórunn Bjarnardóttir, Gunnhildur drottning, Þuríður Ólafsdóttir og Ingibjörg Tryggvadóttir konungssystir allar sýna þrautseigju með einum eða öðrum hætti, eins og sjá má á því hvernig þær hafa haft áhrif á söguna (Cook, 1992, bls. 37–38). Konur sýna gjarnan þrautseigju í hefndarhug sínum en Steblin-Kamenskij (1981, bls. 85) tengir þrautseigju einmitt við hefndarskylduna í Íslendingasögum. Þær halda við minningunni um mikilvægi hefndarinnar og sjá til þess að hún nær fram að ganga eða þá að þær beinlínis grípa til vopna sjálfar, sem fátítt er þó í Íslendingasögum.

Þuríður sættir sig ekki við að Geirmundur maður hennar yfirgefi landið án þess að taka annaðhvort dóttur sína með sér eða skilja eftir fé. Hún kemur því sjálf barninu í skipið til hans og stelar sverði hans Fótbit (kafla 30). Auður hefnir sín á Þórði Ingunnarsyni með því að leggja til hans þar sem hann sefur í lokrekki (kafla 35). Það eru Þorgerður og Guðrún sem sjá til þess að Kjartans og Bolla sé hefnt. Eftir lát Ólafs páa, sem var andvígur því að veða Bolla, er það Þorgerður sem eggjar syni sína til að fara að Bolla og er með í för þegar hann er veginn til að tryggja að allt gangi þetta nú eftir (kaflar 53–55). Svipað má segja um Guðrúnu, sem heldur hefndarhuginum lifandi í tólf ár, þar til synir hennar eru orðnir nógu gamlir til að hefna föður síns. Þá kemur hún af stað ferlinu sem leiðir til þess að Bolla er hefnt (kafla 59 og 60). Ekkert af þessum dæmum ber merki um mikla sáttfýsi en kona sem á þessum tíma rekur slík mál til enda hlýtur að teljast vera þrautseig. Þetta eru því dygðaaðstæður.

## Lokaorð

Í upphafi greinarinnar kemur fram að markmið hennar sé einkunn þríþætt. Í fyrsta lagi hljóta þau fjölþættu dæmi um dygðir og dygðaaðstæður sem fundust í *Laxdælu* að vera rökstuðningur fyrir því að sagan sé gagnleg til að nota til mannkostamenntunar. Dæmin virðast auk þess ekki einungis vera fjölmörg heldur eru mörg þeirra einnig djúpar dygðaaðstæður þar sem gott er að velta fyrir sér dygðum og löstum persóna. Jafnframt má segja að finna megi allmargar dygðir í sögunni en það hlýtur að teljast kostur í dygðamenntun. Þessu tengt er greinin þá í öðru lagi túlkun á flestum dygðaaðstæðunum sem kemur til greina að nota í kennslu og er vonandi að það geti gagnast þeim sem vilja kenna söguna með þessum hætti. Í þriðja lagi varpar greinin ljósi á ýmsar dygðir sem finna má í sögunni. Eins og áður hefur verið getið um má setja fyrirvara við aðferðina sem notuð er en þó verður ekki annað séð en hér sé að finna langsamlega ýtarlegustu greiningu á dygðum í nokkurri Íslendingasögu til þessa. Auk þess koma dygðirnar sem fundust það oft fyrir í *Laxdælu* að umfjöllunin er allskýr sönnun fyrir tilvist þeirra þar.

### The virtues in Laxdæla saga: Material for character education

Character education through the teaching of literature is first and foremost based on the teaching of virtues in stories. The teacher looks for virtues in the literature with her students and then these virtues are discussed to improve the students' understanding of virtue concepts and hopefully make them more aware of virtues in their own lives. In preparation for a research project where Laxdæla saga, one of the Icelandic sagas, was taught in this way, the story was analysed in terms of the virtues identified there. This article contains a detailed analysis of the virtues found in Laxdæla saga. The analysis is an argument for the claim that virtues exist in the Icelandic sagas. It can be used by those who want to teach Laxdæla saga, for example, by means of discussing these virtues and furthermore throws scholarly light on the virtues found in the saga.

Two methods were used for searching for virtues in Laxdæla saga. The first method aims at being as close to the text of the saga as possible by researching the virtue vocabulary used in the saga itself. The words in the text that could refer to virtues were found and systematically categorized. Each category also included the opposite of the virtue; that is, the vice. Sometimes this appears in the form of a negation of the virtue and sometimes there is a word for the opposite. The most common virtues noted using this method may be rendered as vigour (skörungsskapur), noble-mindedness (stórmennska), wisdom, love, manliness (drengskapur), nobility and courteousness (kurteisi), although their translation into English is by no means straightforward.

Examples of each virtue identified in the saga by using this first method, are listed and explained in the article. Generally a distinction can be made between two categories of examples, where one kind is more useful in character education than the other. The first category is when a virtue is mentioned without any explanation. The second occurs when the virtue of a character is further described or illustrated. Usually the virtue is presented in the form of a view that the character holds or a deed the character has done.

Sometimes when a virtue is explained we can talk of a virtue situation. This refers to a situation, in which a character in the saga finds herself, which helps to evaluate the character's virtues. This may be a relatively mundane situation or one charged with moral tension. Although virtue situations are quite common in Laxdæla saga they usually do not come to light, however, by using the first method of looking for virtue words. This called for the second method, because for character education it is important to find examples where the characters' behaviour is explained in some way but is also provides food for thought as to how one could behave differently.

In the second method, a list of virtues from The Jubilee Centre for Character & Virtues at the University of Birmingham was used to see which of them could be found in the story. The majority of examples discovered using this method were cases of virtue situations. The most common virtues using this method were love, generosity, conciliatoriness (or mercy), courage, nobility, fairness (or justice), honesty, self-discipline and endurance (or strength).

These two different methods may be useful for the teaching of Laxdæla saga in different ways. The first method may help teachers and students identify virtues on the surface of Laxdæla saga. This is helpful in the beginning, or for less advanced students, to become acquainted with the virtues. The second method, on the other hand, helps them spot virtue situations that can spark discussions and lead to a more profound understanding of the characters in the story and of the virtues themselves.

**Keywords:** Laxdæla saga, virtues, character education, teaching literature, Icelandic sagas, ethics.

### Um höfundinn

Róbert Jack (robjack@hi.is) er nýdoktor og aðjunkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hann hefur m.a. birt skrif um mannlegan þroska, heimspekilega samræðu og þjónandi forystu.

### About the author

Róbert Jack (robjack@hi.is) is a postdoctoral researcher and adjunct lecturer at the School of Education, University of Iceland. He has, among other things, published on human development, philosophical dialogue, and servant leadership.

Þessi grein er hluti af rannsóknarverkefni sem var unnið með styrk úr Rannsóknarsjóði Íslands (nr. 163230–051) og þakka ég sjóðnum fyrir stuðninginn. Ég þakka einnig Atla Harðarsyni, Ólafi Páli Jónssyni, Þóru Björgu Sigurðardóttur, kennurum og öðrum þeim sem komu að verkefninu fyrir samstarfið og gagnlegar umræður um efnið. Loks vil ég þakka ritrýnum fyrir gagnlegar ábendingar.

## Heimildir

- Arthúr Björgvin Bollason. (2010). *Lífsleikni Njálu: Siðfræðileg umhugsunarefni fyrir ungt fólk*. Kópavogur: A4.
- Ármann Jakobsson. (1998). Konungasagan Laxdæla. *Skírnir*, 172, 357–383.
- Atli Harðarson. (2018). Ógæfa Bolla Þorleikssonar: Hugleiðing um hvernig Laxdæla saga leggur spurningar fyrir lesanda sinn en svarar þeim ekki. *Netla – vef tímarit um uppeldi og menntun. Sérít 2018 – Bókmenntir, listir og grunnþættir menntunar*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af [http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir\\_listir\\_menntun/02.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir_listir_menntun/02.pdf)
- Atli Harðarson, Ólafur Páll Jónsson, Róbert Jack, Þóra Björg Sigurðardóttir og Sigrún Sif Jóelsdóttir. (2018) Laxdæla saga og orðaforði um siðferði. *Netla – vef tímarit um uppeldi og menntun. Sérít 2018 – Bókmenntir, listir og grunnþættir menntunar*. Sótt af [http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir\\_listir\\_menntun/01.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir_listir_menntun/01.pdf)
- Bouman, A. C. (1962). *Patterns in old English and old Icelandic literature*. Leiden: Universitaire Pers Leiden.
- Conroy, P. og Langen, T. C. S. (1988). Laxdæla saga: Theme and structure. *Arkiv för nordisk filologi*, 103, 118–141.
- Cook, R. (1992). Women and men in Laxdæla saga. *Skáldskaparmál*, 2(2), 34–59.
- Derrida, J. (1992). *Given time: I. Counterfeit money*. Chicago: University of Chicago Press.
- Frölich, D. (2000). *Ehre und Liebe: Schichten des Erzählens in der Laxdæla saga*. Frankfurt am Main: Peter Lang.
- Gunnar Harðarson (ritstjóri). (1989). *Þrjár þýðingar lærðar frá miðöldum*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

- Helga Kress. (1980). „Mjök mun þér samstaft þykkja“: Um sagnahefð og kvenlega reynslu í Laxdæla sögu. Í Valborg Bentsdóttir, Guðrún Gísladóttir og Svanlaug Baldursdóttir (ritstjórar), *Konur skrifa til heiðurs Önnu Sigurðardóttur* (bls. 97–109). Reykjavík: Sögufélag.
- Helgi Þorláksson. (2001). Fé og virðing. Í *Sæmdarmenn: Um heiður á þjóðveldisöld* (bls. 91–134). Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Hermann Pálsson. (1986). *Leyndarmál Laxdælu*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningar sjóðs.
- Kramarz-Bein, S. (1994). „Modernität“ der Laxdæla Saga. Í H. Uecker (ritstjóri), *Studien zum Altgermanischen: Festschrift für Heinrich Beck* (11. bindi) (bls. 421–442). Berlin: Walter de Gruyter.
- Kristján Kristjánsson. (1998). Liberating moral traditions: Saga morality and Aristotle's megalopsychia. *Ethical Theory and Moral Practice*, 1(4), 397–422. doi:10.1023/A:1009990801822
- Laxdæla saga* (endursögn Gunnars Karlssonar). (2017). Kópavogur: Menntamálastofnun.
- Madelung, A. M. A. (1972). *The Laxdæla saga: Its structural patterns*. Chapel Hill: The University of North Carolina Press.
- Meulengracht Sørensen, P. (1995). *Fortælling og ære: Studier i islændingesagaerne*. Oslo: Universitetsforlaget.
- Ólafur Páll Jónsson. (2018). Laxdæla sem fóður fyrir gagnrýna hugsun. *Netla – vef tímarit um uppeldi og menntun. Sérít 2018 – Bókmenntir, listir og grunnþættir menntunar*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af [http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir\\_listir\\_menntun/06.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir_listir_menntun/06.pdf)
- Róbert Jack. (2018a). Dygðir, siðferði og siðferðisþroski: Að nota Íslendingasögur til mannkostamenntunar. *Netla – vef tímarit um uppeldi og menntun. Sérít 2018 – Bókmenntir, listir og grunnþættir menntunar*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af [http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir\\_listir\\_menntun/09.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir_listir_menntun/09.pdf)
- Róbert Jack. (2018b). *Laxdæla saga: Dygðakennsla*. Sótt af [https://klb.mms.is/-/laxdæla/dyga-kennsla-rob-ert-jack/?\\_k=p1xwww](https://klb.mms.is/-/laxdæla/dyga-kennsla-rob-ert-jack/?_k=p1xwww)
- Sigurður Nordal. (1942). *Íslensk menning*. Reykjavík: Mál og menning.
- Steblin-Kamenskij, M. I. (1981). *Heimur Íslendingasagna* (Helgi Haraldsson þýddi). Reykjavík: Íðunn.
- Svavar Hrafn Svavarsson. (2009). Honour and shame. *Gripla*, 20, 241–256.
- The Jubilee Centre for Character & Virtues. (e.d.). *Resources for pupils: Anne Frank*. Sótt af [https://www.jubileecentre.ac.uk/userfiles/jubileecentre/pdf/KVRresources/ResourcesforPupils/KV-ANNEFRANK\\_RESOURCESFORPUPILS.pdf](https://www.jubileecentre.ac.uk/userfiles/jubileecentre/pdf/KVRresources/ResourcesforPupils/KV-ANNEFRANK_RESOURCESFORPUPILS.pdf)
- The Jubilee Centre for Character & Virtues. (2014). *Knightly virtues: Enhancing virtue literacy through stories*. Sótt af <https://www.jubileecentre.ac.uk/userfiles/jubileecentre/pdf/KVPDF/KnightlyVirtuesReport.pdf>
- Torfi H. Tulinius. (2001). Virðing í flóknu samfélagi. Í *Sæmdarmenn: Um heiður á þjóðveldisöld* (bls. 57–89). Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Van den Toorn, M. C. (1955). *Ethics and moral in Icelandic saga literature*. Assen: Van Gorcum.
- Vilhjálmur Árnason. (1985). Saga og siðferði: Hugleiðingar um túlkun á siðfræði Íslendingasagna. *Tímarit Máls og menningar*, 46(1), 21–37.
- Vilhjálmur Árnason. (1991). Morality and social structure in the Icelandic sagas. *Journal of English and Germanic Philology*, 90(2), 157–174.
- Þóra Björg Sigurðardóttir. (2018). Siðfræði í bókmenntakennslu. *Netla – vef tímarit um uppeldi og menntun. Sérít 2018 – Bókmenntir, listir og grunnþættir menntunar*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af [http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir\\_listir\\_menntun/11.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir_listir_menntun/11.pdf)



Róbert Jack. (2018).

Dygðir í Laxdæla sögu: Efniviður fyrir mannkostamenntun.

Netla – vef tímarit um uppeldi og menntun. Sérít 2018 – Bókmenntir, listir og grunnþættir menntunar.

Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af [http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir\\_listir\\_menntun/10.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir_listir_menntun/10.pdf)

<https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.23>